

Reykjavík, 12. maí 2020

**Alþingi Umsögn Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum, óbyggt víðerni, þingskjal 1030, 611 mál Nefndarsvið
101 Reykjavík**

Efni: Umsögn Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum, óbyggt víðerni, þingskjal 1030, 611 mál.

Samorka veitti umsögn um þetta mál í Samráðsgátt stjórnvalda í febrúar síðast liðinn. Frumvarpið var er lagt fram óbreytt frá þeim drögum sem kynnt voru í Samráðsgáttinni. Er því ástæða til að áréttu umsögn Samorku svohljóðandi.

Eins og vikið er að í kynningu á málinu er fyrst og fremst litið á það sem lagatæknilega leiðréttingu.

Í tillögunni er lagt til að orðin „að jafnaði“ komi fyrir framan „í a.m.k. 5. km fjarlægð“ í 19. tl. 5. gr. Er vísað til þess að mistök hafi verið gerð þegar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í meðförum þingsins. Að tillaga meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (þingskjal 1113- 429. mál / 141. löggj.þing 2012-2013) hafi fyrst og fremst snúist um að færa skilgreininguna til í frumvarpinu en ekki að gera efnisbreytingu á henni þegar skilgreiningin var færð úr 46. gr. frumvarpsins í 5. gr. þess.

Sé þetta rétt ályktun þarf væntanlega að gera ráð fyrir því í þeim drögum að frumvarpi sem hér eru til umfjöllunar að brott falli orðin „að jafnaði“ fyrir framan „a.m.k. 25 km² að stærð“ í þessum sama málslíð, þ.e. að skilgreiningin sé í heild sinni færð til samræmis við orðalag 46. gr. frumvarpsins á sínum tíma.

Eins og tekið er fram í ofangreindu nefndaráliti þá er lögð áhersla á að rannsóknarstarfi sé veitt eins mikið svigrúm og kostur er og þar með talið orkurannsóknnum. Samorka vill áréttu þetta og leggja á það áherslu að þær tæknilegu breytingar sem hér eru til umfjöllunar eiga ekki að hafa áhrif á orkurannsóknir eða orkuvinnslu og -flutning. Er þá vísað til þess að með því að slaka á kröfunni um stærðarmörk í skilgreiningu óbyggðra víðerna sé heldur ekki verið að skapa grunn til þess að þrengja að núverandi virkjunarsvæðum og væntum virkjunarsvæðum samkvæmt rammaáætlun.

SAMORKA þakkar tækifærið til þess að koma að umsögn um málið.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

*Virðingarfyllt,
f.h. Samorku*

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur